



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

Lokaskýrsla Ísland

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|--|----|
| 1 | Inngangur | 1 |
| 2 | Öflug ung forysta | 1 |
| 2.1 | Efnistöð og skipulag námskeiðs | 2 |
| 2.2 | Matsniðurstöður námskeiðs | 4 |
| 3 | Hittu í mark! | 4 |
| 3.1 | Framkvæmd kennslu | 5 |
| 3.2 | Vefsvæði verkefnis | 7 |
| 4 | Þátttökukannanir | 7 |
| 4.1 | Mat þátttakenda Hittu í mark! | 7 |
| 4.2 | Mat leiðbeinanda Hittu í mark! | 8 |
| 4.3 | Mat framkvæmdaraðila á Hittu í mark! | 9 |
| 4.4 | Þátttökukönnun Nýheima þekkingarseturs | 10 |
| 5 | Lærdómur og reynsla | 10 |
| 6 | Tillögur að valdeflingu jaðarhópa | 11 |
| 7 | Fylgiskjöl | 11 |
| 7.1 | Hæfnismat | 12 |
| 7.2 | Nafnalisti Hittu í mark! | 13 |
| 7.3 | Myndir frá námskeiði Hittu í mark! | 14 |
| 7.4 | Vitnisburður þátttakenda | 15 |
| 7.5 | Svör þátttakenda í mati | 16 |
| 7.6 | Dagskrá Hittu í mark! | 18 |

1 Inngangur

KNOW HUBs, þekkingarsetur, uppbyggjandi afl í dreifðum byggðum, er samstarfsverkefni milli Nýheima þekkingarseturs og stofnana víða í Evrópu. Verkefnið hlaut árið 2018 styrk frá Erasmus+ til tveggja ára en var framlengt vegna COVID-19 og lýkur því í desember 2020.

Verkefnið leggur áherslu á hvernig þekkingarsetur geta þróað starfsemi sína með hliðsjón af þörfum og kröfum samfélaga í dreifðum byggðum. Nálgun verkefnisins byggir á 3M kenningu Gunnars Grepperud og Terje Thomsen (2001) og hagnýtir hugmyndafræði um þekkingarsetur sem 3M: miðpunkt, miðlara og mótor í þeim tilgangi að auka hæfni setra til að vinna nærsamfélagi sínu til hagsbóta. Verkefnið fjallar um hvernig þróa megi starfsemi setranna til að þau verði leiðandi afl í samfélaginu, hvati fyrir þá sem þess þurfa, stuðli að samstarfi og verði miðpunktur sem samfélagið getur leitað til.

Innan verkefnisins hefur Nýheimar þekkingarsetur þá sérstöðu að hefðin fyrir leiðbeinendum er ekki sterk á Íslandi og er þá oftast um launað starf sérfræðinga að ræða, en mjög sjaldgæft er að sjálfbóðaliðar sinni starfi leiðbeinanda eins og lagt er upp með í verkefninu. Verkefnið leggur áherslu á jaðarsetta hópa samfélagsins en í Nýheimum var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á valdeflingu ungs fólks á aldrinum 16 til 20 ára. Sú ákvörðun var byggð á niðurstöðum fyrri verkefna setursins sem varpa ljósi á stöðu og samfélagslega þátttöku ungs fólks á Hornafirði. Ungt fólk upplifir sig utangátta í samfélaginu, þau telja sig hvorki tilheyra samfélagi barna né fullorðinna. Niðurstöður viðhorfskannana hafa þá leitt í ljós að þörf er á stuðningi og valdeflingu hópsins.

Skýrsla þessi lýsir einstaka verkþáttum og afurðum verkefnisins, svo sem námskeiðunum „Öflug ung forysta“ og „Hittu í mark!“. Fjallað verður um niðurstöður þátttökukannana og faglegs mats leiðbeinenda, verkefnastjóra og framkvæmdaraðila. Í sér kafla verður fjallað um þann lærdóm sem draga má af framkvæmd verkefnisins og hvernig verkefnið og afurðir þess geta nýst öðrum sambærilegum stofnunum.

Auk námskeiðanna tveggja sem Nýheimar þekkingarsetur hélt fyrir ungt fólk er vert að taka það fram að setrið bauð einnig uppá „Kvöldstund með KVAN“, örnámskeið fyrir öll ungmenni í sveitarfélaginu á aldrinum 16-20 ára til að koma til móts við þær þarfir sem komu fram í námskeiðinu *Öflug ung forysta*. Vegna COVID-19 þurfti að fresta komu KVAN fram til 28. september 2020. KVAN sér um þjálfun og valdeflingu ungmenna og hefur aðsetur í Reykjavík en með þessum þrem viðburðum var hægt að bjóða öllum ungmönnum svæðisins uppá valdeflandi viðburð við hæfi.

2 Öflug ung forysta

Einn verkþátta KNOW HUBs var framkvæmd vinnustofu þar sem leiðbeinendum var ætlað að hagnýta og prófa kennslufni handbókar verkefnisins. Líkt og með starfsemi Nýheimar þekkingarseturs má tengja starf Ungmennaráðs Hornafjarðar og Nemendaráðs Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) við grunnhugmynd 3M kenningarinnar. Með þessi tengsl til hliðsjónar mótuðu starfsmenn Nýheima þekkingarseturs námskeið fyrir ungt fólk sem er í forystu ráðanna og bar það heitið *Öflug ung forysta*.

Markmið námskeiðsins var að styðja við forystu ungmenna og efla þau sem 3M í störfum sínum fyrir unga Hornfirðinga og samfélagið í heild. Starfsfólk setursins, sem jafnframt voru leiðbeinendur námskeiðsins, kynntu verkefnið fyrir Nemendaráði FAS og Ungmennaráði Hornafjarðar, tíu ungmenni skráðu sig til þátttöku.

2.1 Efnistöð og skipulag námskeiðs

Valdir voru hæfnipættir úr handbók KNOW HUBs út frá markmiðum námskeiðsins og með hliðsjón af starfi og hlutverki forystufólks ráðanna. Leiðbeinendur sáu um að móta námsefnið og sníða að markhópi námskeiðsins. Tímasetning námskeiðsins var ákveðin í samráði við ungmennin sem lögðu til tvær kvöldstundir, þrjár klukkustundir í senn. Námskeiðinu var skipt upp í þrjá hluta út frá hæfnipáttum, hér að neðan má sjá námslýsingu og hæfnipætti sem fjallað var um.

Í upphafi námskeiðsins var farið vel yfir hagnýt atriði, svo sem undirritun þátttakenda á mætingablað auk eyðublaðs vegna persónuverndar (GDPR), sem veitir leyfi til að taka saman umræður námskeiðsins og notkun ljósmynda sem teknar voru á námskeiðinu. Einnig skiluðu þátttakendur undir lögaldri eyðublaði vegna samþykkis foreldra fyrir þátttöku barns í námskeiðinu og GDPR. Almenn kynning var á KNOW HUBs verkefninu og kenningu Grepperud og Thomsen (2001) um 3M.

Þátttakendur tóku allir þátt af fúsum og frjálsum vilja og í þeim tilgangi að efla sig í starfi sem fulltrúar ungmenna á Hornafirði. Miklar og góðar umræður sköpuðust á meðal þátttakenda og einkenndust samskipti og umræður af samstöðu og virðingu fyrir ólíkum skoðunum og viðhorfum.

Fyrsti hluti – Rannsóknarhæfni og samskipti:

Á námskeiðinu var fjallað um mikilvægi rannsóknarhæfni fyrir þá sem vilja starfa í anda 3M kenningarinnar innan samfélagsins. Rannsóknarhæfni gerir okkur kleift að afla upplýsinga um viðfangsefni okkar og mikilvæga þætti er því tengjast. Til að vera drifandi afl í samfélaginu er þekking á helstu eiginleikum samfélagsins, fjölbreytileika þess og þörfum ólíkra hópa sérstaklega mikilvæg. Einnig í þeim tilgangi að skilgreina og þekkja sinn markhóp fyrir hvern viðburð eða málefni sem vinna skal að. Rannsóknarhæfni gerir okkur enn fremur kleift að koma auga á tækifærin sem leynast í samfélaginu og um leið að hagnýta innviði og mannauð á fjölbreyttan hátt.

Fjallað var um samskipti og farið yfir ólíka þætti tengda samskiptum. Með hlutverk ungs forystufólks í huga var sérstök áhersla lögð á virka hlustun, tilfinningagreind og tengslamyndun. Fjallað var um hæfni til að veita og þiggja endurgjöf sem er mikilvægur þáttur í öllum samskiptum og samstarfi. Að geta veitt öðrum endurgjöf á uppbyggilegan og jákvæðan hátt og jafnframt þegið endurgjöf og nýtt sér til framfara. Fulltrúar ráðanna eru talsmenn ungmenna og þurfa því að búa yfir hæfni til að koma málum hópsins á framfæri á ábyrgan hátt. Virk hlustun og góð samskiptafærni eru þar lykilþættir og styrkja ungmennin í hlutverki sínu



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

og eflir þau til þess að eiga í góðum samskiptum við yfirvöld, jafningja og íbúa óháð stétt og stöðu. Þá er mikilvægt að ungmennin geri sér grein fyrir áhrifum sínum sem fyrirmyndir annarra ungmenna. Fjallað var um samsetningu og myndun tengslanets og leiðir til að víkka út og nýta tengslanet í daglegu lífi og starfi.

Hæfnipættir: rannsóknarhæfni, samskipti: virk hlustun, tilfinningagreind: veita og þiggja endurgjöf og tengslanetsfærni.

Annar hluti – Skipulag og framkvæmd:

Á námskeiðinu var fjallað um þætti sem snúa að skipulagi og starfi eininga á borð við ungmennaráð og nemendaráð. Fjallað var um mikilvægi vandaðra vinnubragða, skipulags og áreiðanleika fyrir gott orðspor ráðanna og þeirra einstaklinga er sinna störfum þeirra hverju sinni. Stofnun, ráð og einstaklingar þurfa að öðlast trúverðugt orðspor svo samfélagið sýni áhuga og traust til málefna þeirra. Sem drífandi afl í samfélaginu er nauðsynlegt að geta unnið saman sem lausnamiðuð eining sem tekst á við fjölbreyttar áskoranir.

Meðal efnistaka í öðrum hluta var nýting þekkingar á samfélagi og markhóp við skipulag og framkvæmd viðburða og verkefna. Þá var einnig fjallað um samvinnu innan ráða, útdeilingu verkefna, sameiginlega ábyrgð í samstarfi og nýtingu tengslanets við undirbúning og framkvæmd einstakra verkefna.

Fjallað var um markmið, skilgreiningu þeirra og mikilvægi markmiðasetningar og mótun aðgerðaáætlaða sem leið til árangurs. Þá var farið yfir IDEAL aðferðina sem leið til lausnar á vandamálum og hindrunum og fjallað um mikilvægi þess að takast á við vandamál á lausnamiðaðan hátt.

Hæfnipættir: stjórnunar- og skipulagshæfni, aðgerðaáætlun og markmiðssetning, upplýsingastjórnun og skilningur á fjölbreytileika, hæfni til að takast á við hindranir og leysa vandamál.

Þriðji hluti – Miðlun og samfélagið:

Í síðasta hluta námskeiðsins var fjallað um mikilvægi þessa að nýta ólíkar leiðir til miðlunar. Farið var yfir helstu leiðir sem nýttar eru til miðlunar í nútíma samfélagi og rætt hvaða leiðir eru viðeigandi hverju sinni með tilliti til markhóps, efnis og tilgangs miðlunar hverju sinni.

Í enda námskeiðsins var opin umræða um málefni ungs fólks á Hornafirði, aðstæður þess og þarfir. Leitað var eftir ábendingum þátttakenda varðandi áherslur og efnistöð námskeiðsins *Hittu í mark!* sem þá var í mótun. Þekking þátttakenda á málefnum ungs fólks var því hagnýtt og tekið tillit til ábendinga þeirra við mótun seinna námskeiðsins sem opið var öllum ungmönnum á aldrinum 16-20 ára. Í þessari vinnu fóru starfsmenn stuttlega yfir efnistöð handbókar KNOW HUBs með þátttakendum og tóku við ábendingum þeirra um mögulega notkun á einstaka hæfnipáttum. Þá voru þátttakendur beðnir um að raða hæfnipáttum handbókarinn eftir mikilvægi sem liður í mati verkefnisins (sjá viðhengi 7.1 Hæfnismat).

Hæfnipættir: markaðshæfni.



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

2.2 Matsniðurstöður námskeiðs

Allar þátttökustofnanir framkvæmdu samhæft mat vegna námskeiðsins þar sem spurt var um upplifun þátttakenda af námskeiðinu. Sjö af ellefu þátttakendum frá Íslandi svöruðu könnunninni eða 64%. 86% þeirra voru sammála um að námskeiðsefni námskeiðsins væri auðskilið og töldu kynningarnar framúrskarandi, enginn var ósammála. Öllum þátttakendum sem svöruðu könnuninni fannst þjálfunaraðferðirnar framúrskarandi (71%) eða mjög góðar (29%). 6 af 7 þátttakendum voru sammála um að námsefnið sem tekið var fyrir á námskeiðinu væri viðeigandi, væri skýrt og nákvæmt.

Þátttakendur í námskeiðinu *Öflug ung forysta* svöruðu einnig þáttökukönnun Nýheima þekkingarseturs sem tók sérstaklega mið af áherslum, efnistöfum og framkvæmd námskeiðsins. Könnunin var nafnlaus og var svarhlutfall 90%. Almenn ánægja var með námskeiðið í heild sinni. Allir þátttakendur voru frekar eða mjög sammála eftirfarandi fullyrðingum: „Mér fannst fræðslan gagnleg“, „Mér fannst fræðslan skemmtileg“, „Fræðslan kveikti nýjar hugmyndir hjá mér“, „Ég myndi mæla með sambærilegu námskeiði við önnur ungmenni“ og „Fræðslan stóðst væntingar mínar“. Þátttakendur voru einnig beðnir um að benda á hvers konar fræðslu þeir teldu vanta fyrir ungmenni á Hornafirði. Fræðsla um aukið sjálfstraust, staðalímyndir, leiðtogahæfni, stjórnámál, heimilishald, fjármál og kynfræðsla var á meðal þess sem nefnt var. Það er því ljóst að ungmennin telja þörf á margþættri lífsleiknitengdri fræðslu.

3 Hittu í mark!

Einn verkþátta KNOW HUBs fól í sér þróun blandaðrar aðferðar við fræðslu. Aðferðin miðaði að því að fræðslan færi fram bæði í persónu á fundum leiðbeinanda og þátttakanda en einnig í gegnum vefsvæði sem hannað var af verkefninu. Kostir aðferðarinnar eru fyrst og fremst þeir að með þessu móti eiga leiðbeinandi og þátttakandi í persónulegum samskiptum en um leið er hægt að bjóða uppá meiri sveigjanleika með notkun vefsvæðisins. Nálgun verkefnisins gerði ráð fyrir að leiðbeinendur væru að bjóða hverjum þátttakanda uppá einstaklingstíma í persónu en einnig í gegnum vefsvæðið þar sem notast var við fjarfundi.

Með hliðsjón af þörfum ungmenna á Hornafirði og ábendingum þátttakenda í námskeiðinu *Öflug ung forysta* mótuðu leiðbeinendur námskeiðið *Hittu í mark!* Líkt og á fyrra námskeiði voru valdir hæfnipættir úr handbók KNOW HUBs út frá markmiðum námskeiðsins og efnið aðlagað að áherslum um valdeflingu ungmenna. Heiti námskeiðsins er lýsandi fyrir valdeflandi áherslu þess en markmið námskeiðsins var að styðja við Hornfirsk ungmenni og efla þau í persónulegu lífi og til samfélagsþátttöku, þeim og samfélaginu í heild til hagsbóta.

Eins og kom fram hér að framan þá gerði nálgun verkefnisins ráð fyrir að fræðslan byggði á einstaklingstímum, ýmist í persónu eða með fjarfundum. Námskeið Nýheima var byggt upp með öðrum hætti en vegna áherslu Nýheima þekkingarseturs á valdeflingu ungmenna var ákveðið að allir þátttakendur hittust í persónu á hópfundum. Á þeim fundum var farið yfir ákveðið námsefni og hæfnipætti sem hver þátttakandi vann einstaklingsverkefni út frá og fór nánar yfir á einstaklingsfundum með

leiðbeinanda sínum. Þetta fyrirkomulag þótti henta vegna þeirrar valdeflingar sem felst í þátttöku í slíku hópstarfi og samvinnu.

3.1 Framkvæmd kennslu

Námskeiðið sem var opið ungmennum á aldrinum 16-20 ára var auglýst á vefmiðlum Nýheima þekkingarseturs og í héraðsfréttablaðinu Eystrahorni. Auk þess höfðu leiðbeinendur beint samband við skólastjórnendur og námsráðgjafa grunn- og framhaldsskóla á Höfn. Til að styðja við þátttöku ungmenna í námskeiðinu veitti FAS einstaklingum eina einingu fyrir þátttöku í námskeiðinu, að uppfylltum skilyrðum um vinnuframlag og mætingu. Þá aðstoðuðu námsráðgjafar skólanna setrið við að koma námskeiðinu á framfæri við nemendur og hvöttu þá til þátttöku.

Ellefu stúlkur skráðu sig á námskeiðið og voru þátttakendur úr hópi nemenda í Grunnskóla Hornafjarðar og FAS en einnig voru tveir þátttakendur utan skóla. Aldursdreifing var því ágæt en athygli vekur að enginn drengur tók þátt í námskeiðinu. Sjö þátttakendur luku námskeiðinu með viðunnandi hætti, tveir hættu vegna anna í öðrum verkefnum og tveir tóku einungis þátt í fyrsta hóptímanum. Tveir leiðbeinendur úr starfsmannahópi setursins sáu um fræðsluna.

Hittu í mark! var sex vikna námskeið sem hófst með hópfunði í Nýheimum 25. febrúar. Þrjú hópfundir voru haldnir yfir tímabilið en hver þeirra var um 3 klst. með matarhléi, fundirnir voru haldnir frá klukkan 17:00–20:00 á þriðjudagskvöldum. Þátttakendur og leiðbeinendur voru paraðir saman af handahófi á fyrsta hópfunði, þátttakendum stóð til boða að velja sér leiðbeinanda fyrir upphaf námskeiðs en enginn kaus að gera það. Á hópfundunum fóru leiðbeinendur yfir efni námskeiðsins og lögðu verkefni fyrir þátttakendur til að vinna á staðnum, ýmist í hópum eða sem einstaklingar. Þá var farið í leiki og jafnframt gefinn tími fyrir opna umræðu um viðfangsefni hvers fundar. Öll kvöldin var boðið uppá kvöldverð og matartími nýttur fyrir frjálssar umræður. Á hópfundum var mikið lagt upp úr trúnaði og virðingu fyrir öllum skoðunum og eftir fremsta megni tryggt að allir þátttakendur væru virkir í umræðum og hópverkefnum.

Auk hópfunða átti hver þátttakandi vikulegan einstaklingsfund með leiðbeinanda sínum. Þátttakendur höfðu val um að mæta á skrifstofu leiðbeinanda í Nýheimum eða notast við fjarfundarbúnaðinn ZOOM. Allir þátttakendur kusu frekar samskipti í eigin persónu en vegna COVID-19 fóru síðustu einstaklingsfundirnir fram í gegnum ZOOM. Fyrir hvern einstaklingstíma unnu þátttakendur heimavinnu sem gerði þeim að ígrunda námsefnið enn frekar út frá sjálfum sér og eigin aðstæðum. Leiðbeinendur gáfu þátttakendum endurgjöf á verkefni og veittu persónulega ráðgjöf í einstaklingstímum.

Þátttakendur voru hvattir til að halda dagbók á meðan á námskeiðinu stóð en efni dagbókar var ekki til umfjöllunar heldur aðeins fyrir hvern og einn til að vinna nánar með sínar hugmyndir og viðfangsefnið frá eigin sjónarhóli.

Námskeiðinu var skipt upp í þrjú hluta út frá megin þemum námskeiðsins og hæfnipáttum, hér að neðan má sjá námslýsingu.



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

Hópfundur 1 – Markmiðasetning og hindranir

Á fyrsta hópfundi var fjallað um eiginleika og hæfni sem gera okkur betur í stakk búin til að takast á við hindranir og vinna að lausn vandamála. Sérstök áhersla var lögð á jákvætt hugarfar, þrautseigju og lausnamiðaða hugsun. Á námskeiðinu var IDEAL aðferðin kynnt en hún er gagnleg leið til að greina hið raunverulega vandamál, koma auga á þau úrræði sem eru til lausnar á vandanum og í kjölfarið taka ákvörðun um aðgerðir okkar.

Fjallað var um Markmið og mikilvægi markmiðasetningar fyrir aukinn árangur í daglegu lífi. Megin markmið þessa hluta námskeiðsins var að auka skilning ungmenna á markmiðasetningu, fræða um ólíkar gerðir markmiða, kynna aðferð til markmiðasetningar og veita þjálfun með verkefnum. Fjallað var um langtíma- og skammtímamarkmið og tengslin þeirra á milli. Í verkefnavinnu mótuðu þátttakendur eigin framtíðarsýn (langtímamarkmið) og skilgreindu skammtímamarkmið sem saman áttu að mynda skýra aðgerðaáætlun og leið að settu marki.

Hæfniþættir: Aðgerðaáætlun og markmiðssetning, Lausn vandamála og hindrana, lausnarmiðun.

Hópfundur 2 – Samskipti og tengslanet

Á hópfundi tvö var fjallað um tengslanet, kortlagningu þess og ólíkar aðferðir til tengslamyndunar. Einnig var fjallað um gagnsemi persónulegrar örkyningar til betri árangurs við tengslamyndun hvers konar. Eitt af verkefnum þátttakenda var gerð örkyningar.

Einnig var fjallað um samskipti og farið yfir ólíka þætti þeim tengdum, meðal efnistaka var virk hlustun, líkamstjáning, deilustjórnun og tilfinningagreind. Fjallað var um hæfni til að veita og þiggja endurgjöf, að geta veitt öðrum endurgjöf á uppbyggilegan og jákvæðan hátt og jafnframt þegið endurgjöf og nýtt sér til framfara. Virk hlustun, góð samskiptafærni, áhrif líkamstjáningar og jákvæð samskipti voru einnig til umræðu. Enn fremur var fjallað um muninn á samkennd og samúð.

Hæfniþættir: líkamstjáning, samskipti: virk hlustun, tilfinningagreind: gefa og þiggja endurgjöf, tengslamyndun og deilustjórnun.

Þriðji hluti – Samfélagið okkar

Samfélagið var viðfangsefni síðasta fundar námskeiðsins. Fræðileg skilgreining á samfélagi var til umræðu og ræddu þátttakendur ólíkar gerðir samfélaga og ólík hlutverk einstaklinga innan þeirra. Samfélagsþátttaka og áhrif þeirra einstaklinga sem mynda samfélag var til umræðu og upplifun þátttakenda af eigin samfélagþátttöku og tækifærum til áhrifa í nærsamfélagi. Enn fremur var rætt um einkenni góðs samfélags og þátttakendur beðnir um að greina styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir samfélagsins á Hornafirði. Rætt var um einkenni samfélagsins, þarfir ungra Hornfirðinga og hvernig megi bæta samfélag ungs fólks á staðnum.

Hæfnipættir: tengslamyndun og aðlögunarhæfni.

3.2 Vefsvæði verkefnis

Innan KNOW HUBs verkefnisins var námskeiðinu sköpuð ákveðin umgjörð með vefsvæði sem allar þátttökustofnanir prófuðu við framkvæmd fræðslu í hverju landi. Ákveðið var að vista innan vefsvæðisins allt námsefni *Hittu í mark!*, sem og eyðublöð, glærur og heimavinnu. Þátttakendur fengu í kynningarpósti fyrir námskeiðið upplýsingar um innskráningu á vefsvæðið og var einnig boðið að fá aðstoð frá leiðbeinendum. Þrátt fyrir að vefsvæðið hafi verið aðgengilegt og auðvelt í notkun virðist það ekki hafa höfðað til markhóps námskeiðsins sem kaus frekar að eiga samskipti í persónu, með tölvupósti eða á samfélagsmiðlum, svo sem Facebook. Eflaust hefur lengd námskeiðsins einnig haft áhrif og mögulega væri auðveldara að innleiða nýtt vefsvæði ef notkun þess næði yfir lengri tíma.

Tækifæri er til að þróa vefsvæðið enn frekar til að auka notagildi þess fyrir þátttakendur og leiðbeinendur. Til bóta væri að eiga svæði með hverjum þátttakanda og geta skoðað dagskrá, samskipti og skjöl viðkomandi á einum stað. Einnig kom í ljós að ekki er bein tenging milli Zoom og vefsvæðisins og „Zoom“ hnappurinn því eingöngu flýtleið inná hugbúnaðinn. Því þarf að vista hlekk á hvern Zoom fund og senda á þátttakanda eða vista í fundarboði. Hvorki er hægt að afbóka eða breyta fundarboði á vefsvæði. Hnókrar voru á tengingu vefsvæðisins við tölvupóstfang starfsmanna Nýheima þekkingarseturs svo ekki bárust tilkynningar um skilaboð en var það lagað á námskeiðstíma. Slíkar tilkynningar væri gott að fá í tölvupósti fyrir öll samskipti, svo sem ný skjöl á svæðinu. Með því móti þyrftu leiðbeinendur og þátttakendur ekki að innskrá sig í sífellu til að athuga hvort ný gögn hafi borist.

4 Þátttökukannanir

Hver þátttökuþjóð skipulagði námskeið með blönduðum kennsluaðferðum til að prófa og þróa handbók verkefnisins og þá hæfnipætti sem þar eru settir fram. Í lok námskeiðanna voru samræmdar skoðanakannanir lagðar fyrir þátttakendur, leiðbeinendur og samstarfsstofnanir allra landa til að meta almenna reynslu af námsefni og vefsvæði verkefnisins. Útfærsla Nýheima þekkingarseturs á námskeiðinu var að nokkru leiti frábrugðin því sem verkefnið lagði upp með og var aðlöguð að markhóp og staðbundnum áherslum. Spurningar samræmdrar könnunar verkefnisins eiga því ekki að öllu leiti við, vegna þessa var einnig lögð fyrir þátttakendur könnun sem tók sérstaklega mið af áherslum, efnistökmum og framkvæmd námskeiðsins *Hittu í mark!*

Í undirköflum hér að neðan verður stuttlega gerð grein fyrir niðurstöðum íslensku kannananna. Kaflar 4.1, 4.2 og 4.3 fjalla um niðurstöður samræmdra kannana en kafli 4.4 um sérsniðna þátttökukönnun Nýheima.

4.1 Mat þátttakenda *Hittu í mark!*

Sjö þátttakendur luku við námskeiðið *Hittu í mark!*, sex þeirra svöruðu samræmdri þátttökukönnun og var svarhlutfall því 85,7%. Könnunin innihélt krossaspurningar sem höfðu svarmöguleikana „mjög sammála“, „sammála“, „hvorki né“, „ósammála“ eða „mjög ósammála“. Einnig var boðið uppá að útskýra skriflega upplifun sína.



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

Helmingur þátttakenda var sammála eða mjög sammála fullyrðingunni „ég hef aukið sjálfstraust, upplifi valdeflingu og hvata til að vera virkur þátttakandi í þekkingarsamfélaginu og nýt góðs af símenntunartækifærum“ en helmingur var hlutlaus. Þá var helmingur svarenda sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Ég hef bætt þverfaglega færni og hæfni eins og sköpunargáfu, samvinnu, virkni, skipulag og hæfni til úrlausnar vandamála“, þriðjungur var hlutlaus og einn ósammála. Rúmlega helmingur svarenda voru sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Ég hef öðlast aukna færni og hæfni til virkrar þátttöku í samfélaginu, lært að setja mér markmið og vinna markvisst að eigin þroska“, einn var hlutlaus og einn ósammála. Rúmlega helmingur svarenda voru sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Ég hef fengið aukið aðgengi að upplýsingum sem styðja við starfsframa og menntun“ en þriðjungur var hlutlaus. Rúmlega helmingur svarenda voru sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Ég hef aukið skilning minn á fjölmeningartengdri hæfni“ Einn var hlutlaus og einn ósammála. Helmingur svarenda var mjög sammála staðhæfingunni „Ég hef aukna meðvitund um mikilvægi sjálfstyrkingar og endurmenntunar“, þriðjungur var sammála, einn hlutlaus en enginn var ósammála staðhæfingunni.

Könnunin náði einnig til upplifunar þátttakenda af vefsvæði námskeiðsins. Helmingur svarenda var sammála eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að aðgengi að vefsvæðinu væri auðvelt en einn var því ósammála, þriðjungur var hlutlaus. Allir svarendur voru sammála eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að leiðbeiningar um notkun vefsvæðisins væru skýrar og að tæknilegur stuðningur hefði verið aðgengilegur. Rúmlega helmingur svarenda töldu sjónræna hönnun vefsvæðisins góða en þriðjungur var hlutlaus. Svörun var sú sama þegar spurt var um hvort vefsvæðið auðveldaði samskipti leiðbeinanda og þátttakenda, rúmlega helmingur var því sammála en þriðjungur var hlutlaus. Þá var rúmlega helmingur svarenda sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „ég saknaði ekki samskipta augnliti til augnlits“ en þriðjungur var því ósammála. Hafa ber í huga að einstaklingsfundir voru allir haldnir í eigin persónu fram að COVID-19 þegar fundir voru færðir yfir á Zoom, allir þátttakendur prófuðu því bæði stað- og fjarfundi.

4.2 Mat leiðbeinanda *Hittu í mark!*

Tveir leiðbeinendur tóku þátt í námskeiðinu og svöruðu báðir samræmdri könnun.

Báðir leiðbeinendur voru mjög sammála eftirfarandi staðhæfingum: „Ég hef aukið færni mína til að miðla og veita ráðgjöf og stuðning“, „Ég hef skilning á því hvernig árangursrík starfsemi þekkingarsetra styður við byggðapróun (3M líkan: miðpunktur, miðlari, mótur)“ og „Ég hef öðlast færni sem gerir mér kleift að styðja betur við samfélagsþátttöku einstaklinga“. Leiðbeinendur voru þá sammála eða mjög sammála staðhæfingunum „Ég hef aukið hæfni mína til að veita atvinnuráðgjöf og félagslegan stuðning“ og „Ég hef aukið hæfni mína til að nýta aðferð samsköpunar í þeim tilgangi að styðja við þátttöku einstaklinga, veita upplýsingar og almennt styðja við framþróun“.

Varðandi vefsvæðið þá voru báðir leiðbeinendur mjög sammála fullyrðingum um að aðgengi að vefsvæðinu væri auðvelt og notkunarleiðbeiningar skýrar. Báðir leiðbeinendur voru sammála eða mjög sammála um að sjónræn hönnun vefsvæðisins væri góð, einnig voru þeir sammála um að tæknilegur



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

stuðningur væri í boði. Báðir voru hvorki sammála né ósammála staðhæfingunni „Ég saknaði ekki samskipta í eigin persónu“, enda á sú spurning ekki við íslenska námskeiðið þar sem mikið var um samskipti í eigin persónu. Báðir leiðbeinendur námskeiðsins voru því ósammála að vefsvæðið einfaldaði samskipti milli þátttakenda og leiðbeinanda.

Leiðbeinendur námskeiðsins eru sammála um að útfærsla þess hafi reynst vel. Hópfundirnir voru vel heppnaðir, þar fóru fram líflegar umræður þar sem þátttakendur lærðu hver af öðrum og mynduðu heild ólíkra einstaklinga. Með einstaklingsfundunum gafst svo færi á að fara dýpra í umfjöllunarefnið og á persónulegri nótum með hverjum og einum þátttakanda. Þátttakendur og leiðbeinendur voru mjög opnir og gott traust skapaðist. Leiðbeinendur hvetja til persónulegs samtals í eigin persónu fram yfir fjarfundi, sé þess kostur og sé það vilji þátttakenda, og vilja leggja áherslu á að miða efnistöð og skipulag að þátttakendum.

4.3 Mat framkvæmdaraðila á *Hittu í mark!*

Stofnunin Nýheimar þekkingarsetur sem slík tók einnig þátt í samræmdri könnun KNOW HUBs verkefnisins. Starfsmenn verkefnisins voru þó einnig leiðbeinendur námskeiðsins og höfðu því innsýn í undirbúning og framkvæmd verkefnisins í heild. Tveir starfsmenn setursins skiluðu inn sameiginlegu mati.

Þátttakendur *Hittu í mark!* höfðu ekki tekið þátt í sambærilegu námskeiði áður en þó höfðu sumir tekið þátt í valdeflandi námskeiðum eða fengið fræðslu um svipuð viðfangsefni í skóla. Tveir þátttakendur tóku einnig þátt í námskeiðinu *Öflug ung forysta*. Að mati setursins er mikill stuðningur fólgin í starfi leiðbeinanda í námskeiði sem þessu og því til rökstuðnings er bent á niðurstöðu þátttökukönnunar Nýheima þar sem allir eru sammála eða mjög sammála eftirfarandi staðhæfingu „Mér fannst gagnlegt að fá einstaklingsfund með leiðbeinanda til að skoða nánar efnið út frá persónulegum þörfum mínum.“.

Í matinu var spurt hvort þátttakendur teldu innihald námskeiðsins hafa hjálpað þeim að koma auga á styrkleika og veikleika sína til samfélagsþátttöku. Leiðbeinendur svöruðu því játandi, efnistöð námskeiðsins miðuðu að því að leiðbeina þátttakendum að bættri markmiðasetningu, samskiptahæfni og félagslegri þátttöku. Þessu til stuðnings voru allir nema einn þátttakandi í könnun Nýheima sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Ég geri mér betur grein fyrir því að ég get með verkum mínum og athöfnum eft samfélagið.“

Leiðbeinendur námskeiðsins voru mjög sammála öllum eftirfarandi staðhæfingum: „Umfjöllunarefni námskeiðsins var í takt við þarfir sem skilgreindar hafa verið af samfélaginu“, „Námskeiðið var staðfært og aðlagð, notendavænt og gagnlegt“, „Hæfni þátttakenda hefur aukist með þátttöku í námskeiðinu“, „Þátttakendur öðluðust hæfni sem mun nýtast þeim jafnt í nútíð sem framtíð“, „Þátttakendur myndu mæla með sambærilegu námskeiði við aðra“ og „Inntak námskeiðsins inniheldur alla viðeigandi eða helstu hæfnipætti“.



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

4.4 Þátttökukönnun Nýheima þekkingarseturs

Í lok námskeiðsins *Hittu í mark!* lögðu leiðbeinendur könnun fyrir þátttakendur. Fyrirlögn hennar var hluti af venjubundnu verklagi innan Nýheima þekkingarseturs og mun nýtast við mótun nýrra verkefna með ungu fólki á Hornafirði. Þátttökukönnunin var sérsniðin að áherslum námskeiðsins og því sértækari en samræmt mat sem kynnt var hér að ofan.

Af þeim sjö þátttakendum sem luku námskeiðinu tóku sex þeirra þátt í þátttökukönnuninni. Niðurstöðurnar endurspeglu almenna ánægju þátttakenda með námskeiðið og ljóst að námskeiðið stóðst væntingar þátttakenda. Þátttakendur voru sammála um að fræðslan hafi kveikt nýjar hugmyndir hjá þeim og telja þátttakendur sig betur í stakk búna til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Þá telja þau sig hafa betri hugmynd um framtíðarsýn sína og hvernig skuli nálgast hana. Auk þess telja þátttakendur sig líklegri til að tileinka sér jákvæð samskipti og hæfari til að takast á við samskiptaörðuleika. Þá telja þátttakendur sig meðvitaðri um eigin ábyrgð hvað varðar hugsun og hegðun auk þess að hafa nú betri skilning á hlutverki sínu, og okkar allra, í samfélagsþátttöku. Þá kemur fram í niðurstöðum að þátttakendur munu mæla með sambærilegu námskeiði fyrir önnur ungmenni.

Hvað varðar uppbyggingu námskeiðsins þá voru allir þátttakendur sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Mér fannst gagnlegt að hittast í litlum hópum til að fara yfir námsefnið“. Þá voru allir sammála eða mjög sammála staðhæfingunni „Mér fannst gagnlegt að eiga einstaklingsfundi með leiðbeinanda til að fara nánar yfir námsefnið út frá mínum persónulegu þörfum“. Sömu svarhlutföll eiga við staðhæfinguna „Mér fannst gott að hitta leiðbeinanda í persónu“.

5 Lærdómur og reynsla

Það er ljóst að ungmenni á Hornafirði telja sig hafa þörf fyrir valdeflandi fræðslu af ýmsu tagi. Leiðbeinendur voru meðvitaðir um að ungmenni þyrftu eflaust talsverða hvatningu til þátttöku og lögðu því mikið upp úr góðu samstarfi við skóla og aðra aðila er starfa með ungmennum á staðnum. Er það okkar reynsla að mikilvægt er að ná beinni tengingu við markhópinn og sérstaklega ef um er að ræða jaðarsetta einstaklinga. Þá er einnig mikilvægt að miðla og auglýsa á viðeigandi vettvangi með hliðsjón af því hvaða miðla markhópurinn er helst að nota. Reynsla Nýheima þekkingarseturs sýnir að það er sérstaklega mikilvægt að vera opin fyrir því að finna þá snertifleti sem virka, það geta verið skólar, vinnuveitendur, stofnanir, félagasamtök eða aðrir.

Þátttakendur okkar voru ekki virkir í notkun á vefsvæðinu sem hannað var fyrir verkefnið. Þátttakendur kusu fremur að eiga samskipti á Facebook eða með tölvupósti, best reyndist þó að eiga samskipti í eigin persónu. Þó svo að námsefni, verkefnum og heimavinnu hafi verið deilt með þátttakendum á vefsvæði þá þurftu leiðbeinendur að senda áminningar með öðrum leiðum og úr varð að verkefni, umsýsla og tímabókanir fóru að mestu leiti fram í gegnum Facebook. Leiðbeinendur hvöttu þátttakendur til að nota vefsvæðið en voru um leið sveigjanlegir með notkun þeirra samskiptamáta sem þátttakendur kusu. Vert er að hugleiða hvort notkun samfélagsmiðla hefði hreinlega hentað betur fyrir svo stutt námskeið. Til að



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

einfalda öll samskipti og framkvæmd gæti verið hentugra að nota þann vettvang sem markhópurinn þekkir og nýtir nú þegar. Vefsvæðið gæti hins vegar eflaust nýst betur fyrir lengri námskeið eða sem verkfæri í starfi fræðslustofnana sem bjóða uppá námsleiðir og brautir.

Verkefnið lagði upp með að halda einstaklingsfundi í eigin persónu auk fjarfunda á Zoom. Íslensk útfærsla námskeiðsins var á persónulegri nótum þar sem haldnir voru hópfundir þar sem allir þátttakendur hittust og fóru yfir hæfnipætti og fræðsluefni í sameiningu. Líflegar umræður mynduðust og ríkti virðing milli þátttakenda, sem og milli þátttakenda og leiðbeinenda. Þátttakendum var boðið að taka þátt í einstaklingsfundum í persónu eða gegnum fjarfundarbúnað, allir kusu að mæta á fundi í eigin persónu. Telja leiðbeinendur að nálægðin hafi haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og framvindu og árangur námskeiðsins, umræður urðu persónulegri og traust skapaðist milli aðila.

Afurðir KNOW HUBs verkefnisins er hægt að nýta á fjölbreyttan hátt og hvetjum við áhugasama til að aðlaga efnið að sínum þörfum. Nú hefur efnið verið prófað á mismunandi hátt í hverju landi og ljóst að útfærslurnar geta verið mýmargar.

6 Tillögur að valdeflingu jaðarhópa

KNOW HUBs verkefnið var góður skóli til að framkvæma námskeið með jaðarhópum samfélagsins. Mikilvægasta atriðið er nauðsyn þess að vinna með markhópunum, finna þarfir þeirra og mæta þeim á allan mögulegan hátt. Þemu, fundartími og önnur hagnýt mál eru lykilatriði fyrir vel heppnað námskeið en skipuleggjendur og leiðbeinendur verða að vera meðvitaðir um að þó að þörfin fyrir valdeflingu sé mikil, þá eru jaðarsettir einstaklingar kannski ekki eins tilbúnir að bjóða sig fram til að taka þátt, þess vegna er mjög mikilvægt að hafa tíma, úrræði og leiðir til að safna saman og hvetja þátttakendur til að mæta og fylgja þeim eftir þar til námskeiði lýkur.

Það getur verið áskorun að bjóða námskeið fyrir jaðarsetta einstaklinga en ekki má láta hugfallast ef þátttakendur skortir eldmóð en heyra í staðinn af þeim hvað gæti verið gert öðruvísi, vera sveigjanlegur og aðlagast til að mæta nýjum eða breyttum þörfum hópsins. Notaðu svæðisbundið tengslanet og hafðu samband við yfirvöld, skóla og aðrar stofnanir sem gætu hjálpað til við efni námskeiðsins, útfærslur eða miðlað til markhópsins. Takist þekkingarsetrum að uppfylla hlutverk sitt sem 3M í samfélaginu mun það skapa betra samfélag fyrir alla, með félagslegri þátttöku og aðlögun.

7 Fylgiskjöl



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development HUBs in rural regions

7.1 Hæfnismat

Þátttakendur á *Öflug ung forysta* voru beðnir um að raða hæfnipáttum handbókarinnar eftir mikilvægi. Lægsti stigafjöldi er mikilvægastur, lægsti mögulegi samanlagði stigafjöldi er 9.

| Hæfnipættir raðaðir eftir mikilvægi | Samtals stig | nemi 1 | nemi 2 | nemi 3 | nemi 4 | nemi 5 | nemi 6 | nemi 7 | nemi 8 | nemi 9 |
|--|--------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Aðgerðaáætlun og markmiðasetning | 46 | 1 | 7 | 14 | 9 | 2 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| Tengslamyndun | 51 | 10 | 4 | 6 | 4 | 6 | 2 | 2 | 6 | 11 |
| Tengslanet | 62 | 5 | 18 | 3 | 8 | 9 | 3 | 4 | 4 | 8 |
| Lausn vandamála og að takast á við hindranir | 70 | 8 | 1 | 17 | 3 | 16 | 5 | 12 | 7 | 1 |
| Stjórnunar- og skipulagshæfni | 79 | 14 | 15 | 1 | 1 | 15 | 7 | 9 | 11 | 6 |
| Rannsóknarhæfni | 80 | 4 | 17 | 8 | 2 | 4 | 4 | 8 | 18 | 15 |
| Miðlunar- og markaðshæfni | 83 | 13 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 14 | 13 | 17 |
| Félagslegur stuðningur | 85 | 3 | 2 | 11 | 12 | 12 | 15 | 1 | 19 | 10 |
| Skilningur á hlutverki leiðbeinanda | 86 | 2 | 6 | 12 | 17 | 11 | 12 | 3 | 20 | 3 |
| Tilfinningagreind: að þiggja og veita endurgjöf | 88 | 19 | 8 | 13 | 5 | 10 | 14 | 5 | 5 | 9 |
| Stjórnun ágreiningsmála | 93 | 9 | 10 | 16 | 16 | 5 | 10 | 11 | 3 | 13 |
| Samskiptafærni: virk hlustun | 94 | 12 | 3 | 19 | 11 | 7 | 9 | 15 | 16 | 2 |
| Hæfni til að spyrja spurninga | 97 | 6 | 12 | 4 | 15 | 8 | 13 | 13 | 12 | 14 |
| Hæfni til að veita ráðgjöf | 116 | 15 | 14 | 5 | 20 | 3 | 16 | 18 | 18 | 7 |
| Aðlögunarhæfni | 120 | 20 | 11 | 9 | 7 | 13 | 18 | 16 | 8 | 18 |
| Lausnamiðun | 121 | 16 | 19 | 10 | 10 | 14 | 6 | 20 | 14 | 12 |
| Upplýsingastjórnun og skilningur á fjölbreytileika | 124 | 18 | 13 | 15 | 18 | 17 | 11 | 10 | 17 | 5 |
| Líkamstjáning | 125 | 11 | 5 | 20 | 13 | 20 | 20 | 7 | 9 | 20 |
| Sáttamiðun | 127 | 17 | 9 | 7 | 14 | 18 | 17 | 19 | 7 | 19 |
| Atvinnuráðgjöf | 150 | 7 | 16 | 18 | 19 | 19 | 19 | 17 | 19 | 16 |



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

7.3 Myndir frá námskeiði *Hittu í mark!*

Vantar myndir úr síma í möppuna okkar!!

7.4 Vitnisburður þátttakenda

Þegar spurt var hvað virkaði best á námskeiðinu voru þrjú svör (50% svarenda):

„Námskeiðið var vel skipulagt og skemmtilegt. Það var enginn misskilningur varðandi tímasetningar eða kennslufni“

„Teymisvinnan var góð og mér líkaði mjög vel við leiðbeinanda minn“

„Elskaði samskiptin og umræðurnar“

Einnig var spurt um hvað virkaði verst á námskeiðinu voru tvö svör (33,33% svarenda):

„Námskeiðið byrjaði mjög vel, það endaði auðvitað vel líka, en það var bara erfiðara að hafa samskipti og nota kenningarnar vegna óheppilegra atburða sem gerast núna (Kórónaveiran) svo í enda námskeiðsins gátum við lært en ekki notað færnina. Ég gæti ekki hugsað um neitt annað sem virkaði ekki vel.“

„Mér finnst ekkert slæmt, við fengum stundum að tala mikið en um efnið, sem er skemmtilegt og alls ekki slæmt held ég.“




KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development HUBs in rural regions

7.5 Svör þátttakenda í mati


I have increased self-confidence, sense of empowerment and motivation to be active member of the knowledge society and benefit from lifelong learning opportunities.

6 svör




I have gained increased access to information based on evidence to support employability, education and funding.

6 svör




I have improved transversal skills and competences like creativity, collaboration with others, pro-activity, organisational, problem solving.

6 svör




I have improved knowledge of intercultural skills.

6 svör




I have developed essential skills and competences for my life in my community, learnt to set objectives goals and providing a road map to their own personal development.

6 svör



I have an increased awareness of the importance of self-development and lifelong learning.

6 svör






KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

Mér fannst fræðslan gagnleg.


6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.

Ég lærði eitthvað á fræðslunni.


6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.

Mér fannst fræðslan skemmtileg.


6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.

Fræðslan kveikti nýjar hugmyndir hjá mér.


6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.

Mér fannst framkvæmd fræðslunnar góð.


6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.

Ég myndi mæla með sambærilegu námskeiði við önnur ungmenni.

6 svör



- Mjög sammála.
- Frekar sammála.
- Hlutlaus.
- Frekar ósammála.
- Mjög ósammála.



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers as development
HUBs in rural regions

7.6 Dagskrá Hittu í mark!

Dagskrá Hittu í mark!

Hópfundur 1 – Markmiðasetning og hindranir (25. febrúar)

1. Formsatriði í upphafi námskeiðs
2. Markmiðasetning og hindranir – umræður og hópavinna
3. Heimavinna kynnt

Einstaklingsfundur 1 (2. - 6. mars)

1. Umræða um dagbók 1/opin umræða um hópfundur 1
2. Umræða um markmið og heimavinnu

Hópfundur 2 – Samskipti og tengslanet (10. mars)

1. Samskipti og tengslanet – umræður og hópavinna
2. Heimavinna kynnt

Einstaklingsfundur 2 (9. - 13. mars)

1. Umræða um dagbók 2/opin umræða um hópfundur 2
2. Umræða um samskipti, tengslanet og heimavinnu
3. Heimavinna kynnt

Einstaklingsfundur 3 (16. - 20. mars)

1. Umræða um heimavinnu

Hópfundur 3 – Samfélagið okkar (24. mars)

1. Samfélagið okkar – umræður og hópavinna
2. Heimavinna kynnt

Einstaklingsfundur 4 (23. - 27. mars)

1. Umræða um dagbók 3/opin umræða um hópfundur 3
2. Umræða um heimavinnu

Einstaklingsfundur 5 (30. mars - 3. apríl)

1. Umræða um námskeiðið í heild sinni – mögulegan lærdóm einstaklingsins
2. Kynna lokamatíð

Kvöldstund með KVAN (3. apríl)

1. Gestafyrirlesarar frá KVAN fjalla um þrautsegju, kröfur og áhrif ungmenna



*Kvöldstund með KVAN var frestað vegna COVID-19 og var að lokum haldin 28. September 2020.